

Ráðstefnur og fundir

15.-18. júní

Reykjavík.
29. þing norrænna háls-, nef- og eyrnalækna. Sjá nánar á slóðinni: www.congress.is/oto-laryngology2005/

15.-18. júní

Stokkhólmi, Svíþjóð.
Norrænt þing heimilislækna, hið 14. í röðinni. Nánar á heimasíðunni: www.allman-medicin.nu/congress

29. júní-3. júlí

Reykjavík.
Norrænt þing svæfinga- og gjörgæslulækna. Nánari upplýsingar: www.meetingice-land.com/ssai2005

10.-13. ágúst

Reykjavík.
Norrænt þing um sögu læknisfræðinnar, hið 20. í röðinni. Sjá nánar á heimasíðu Félags áhugamanna um sögu

læknisfræðinnar: www.icemed.is/saga/

12.-16. september

London.
The Maudsley Fora 2005.
Tvö námskeið í boð fyrir evrópska geðlækna (almennt og framhalds). Áhersla lögð á nýjar rannsóknir í geðlækningum og klínískri sálfræði. Sjá heimasíðuna: www.iop.kcl.ac.uk/MaudsleyForum

14.-16. september

Kaupmannahöfn.
Reuma2005, norræn gigtarráðstefna á vegum The Nordic Rheuma Council, norræna gigtarráðsins. Viðfangsefnið er forvarnir. Nánari upplýsingar á slóðinni: www.gigtforeningen.dk/reuma2005

29. september-1. október

Soria Moria ráðstefnuasetrið í Osló.
Norrænt þing, Nordic CME

Course in Pediatric Pharmacotherapy. Sjá heimasíðuna: www.med.uio.no/rh/bk/seminar/NordicCME05/Inndex.html

Umsjón í höndum Betty Kalikstad: betty.kalikstad@medisin.uio.no

8. október

Akureyri.
Haustþing Læknafélags Akureyrar og Norðausturlandsdeildar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Efni: Endurhæfing. Nánari upplýsingar hjá Ingvari Þóroddssyni, ingvarth@fsa.is og Gigju Gunnarsdóttur, giga@fsa.is

26.-28. maí 2006

Reykjavík.
Árlegt þing Scandinavian Society for the Study of Diabetes. Umsjónaraðili er Félag um innkirtlafræði. Sjá www.innkirtlar.org

Frágangur fræðilegra greina

Höfundar sendi tvær gerðir

handrita til ritstjórnar Lækna- blaðsins, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi. Annað án nafna höfunda, stofnana og án þakka sé um þær að ræða. Greininni fylgi yfirlýsing þess efnis að allir höfundar séu samþykkir lokaformi greinar og þeir afsali sér birtingarrétti til blaðsins.

Handriti skal skilað með tvöföldu línubili á A-4 blöðum. Hver hluti skal byrja á nýrri blaðsíðu í eftirtalinni röð:

- Titilsíða: höfundar, stofnanir, lykilorð á ensku og íslensku
- Ágrip og heiti greinar á ensku
- Ágrip á íslensku
- Meginmál
- Þakkir
- Heimildir

Töflur og myndir skulu vera á ensku eða íslensku, að vali höfunda.

Tölvuunnar myndir og gröf komi á rafrænu formi ásamt útprenti. Tölvugögn (data) að baki gröfum fylgi með, ekki er hægt að nýta myndir úr PowerPoint eða af netinu.

Eftir lokafrágang berist allar greinar á tölvutæku formi með útprenti.

Sjá upplýsingar um frágang fræðilegra greina: www.laeknabladid.is/bladid

Umræðuhluti

Skilafrestur efnis í næsta blað er 20. undanfari mánaðar nema annað sé tekið fram.



MENNING ER MÁTTUR

Listahátíð lækna um verslunarmannahelgi að Reykhólum í Austur-Barðastrandasýslu

Á árshátíð LR kom fram sú hugmynd að halda „Listahátíð lækna“. Hugmyndin vatt uppá sig og erum við undirrituð nú ákveðin í því að láta verða af þessu á Reykhólum næstkomandi verslunarmannahelgi (2:40:00 mín akstur frá Hafnarfirði). Fagurt umhverfi, gístiaðstaða, tjaldstæði og sundlaug. Öll umgjörð ætti því að vera ákjósanleg til þess að flytja tónlist, ljóð, upplestur, sýna myndlist og hafa í frammi alla menningartilburði sem lækna og aðstandendur þeirra hafa uppá að bjóða. Kostnaði haldið í lágmarki. Varðeldur, brekkusöngur og gleðisveitir lækna flytja dægurtónlist. Við vonum að lækna og fjölskyldur þeirra taki þátt, annaðhvort með því að fremja list sína eða bara með því að mæta og skemmta sér. Vísindaniðurstöður má birta ef þær eru færðar fram á listrænan hátt. Ef þú hefur áhuga á að taka þátt láttu okkur vita sem fyrst:

Helga Hansdóttir, helgah@landspitali.is
Salóme Arnardóttir, Salome@hgl4.hr.is
Guðlaug Þórsdóttir, guðlaugt@hi.is
Ingólfur Kristjánsson, ingolfurk@reykjalandur.is